# STAÐA MÁLS

| | |
|---|---|
| Málnr.: | **2015-055F006** |
| Dags: | **11. Maí 2015** |
| Staður: | **Við flugvöllinn í Mosfellsbæ** |
| Lýsing: | **Brotlenti í sjó** |
| Staða máls: | **Maí 2016: Í rannsókn** |



Einkaflugmaður á TF-REX, sem er af gerðinni Jodel D-117A, fór frá flugvellinum í Mosfellsbæ og hugðist fara í einkaflug um suðurland.

Flugmaðurinn ákvað að gera nokkrar snertilendingar á flugvellinum í Mosfellsbæ áður en haldið yrði á leið um suðurland og var að snúa við eftir flugtak til vesturs þegar hann missti stjórn á flugvélinni með þeim afleiðingum að hún brotlenti í sjónum.

Við rannsóknina hefur ekkert komið í ljós sem bent hefur til bilunar í hreyfli eða loftfari og beinist rannsóknin meðal annars að stjórn flugvélarinnar.